



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
2018-2019

Skýrsla fjarnámsstjóra

Efniyfirlit

Inngangur	3
Haustönn 2018	3
Vorönn 2019	4
Sumarönn 2019	4
Þriggja ára nám til stúdentsprófs.....	5
Fjöldi fjarnemenda eftir önnum	6
Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum.	6
Fjöldi umsækjenda eftir önnum	6
Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda.....	7
Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum.....	8
Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum	8
Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum.....	9
Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum.....	9
Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum.....	10
Ársmemendur fjarnáms.....	10
Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum.....	11
Mynd 6. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum	11
Fjarnámspróf	12
Mynd 7. Dreifing fjarnámsprófa um plánetuna Jörð.	12
Einkunnir fyrir fjarnámspróf.....	12
Mynd 8. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á H18, V19, S19.....	13
Tafla 2. Niðurstöður prófa á H18, V19 og S19.....	13
Tafla 3. Niðurstöður prófa teknar saman	14
Fjarnámsgjöld	15
Lokaorð	15
Viðauki.....	16
Tafla 4. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2019.....	16

Inngangur

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2018-2019.

Haustönn 2018

Á haustönn 2018 voru 106 áfangar kenndir, en fleiri áfangar voru í boði. Öllum nemendum sem sóttu um, var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn. Áfangar á haustönn 2018 voru 2 færri en á haustönn 2017.

Fjarkennarar voru 47 þessa önnina, allir þrautreyndir fagmenn.

Á haustönn 2018 voru 384 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á haustönn 2018 eru 12 nemendum fleiri en á haustönn 2017 og fjölgaði nemendum því um tæp 3% á milli þessara ára.
- Af 384 nemendum haustannar 2018 voru 51 (13,3%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 333 (86,7%) komu annars staðar frá. Á haustönn 2017 var fjöldi dagskólanemenda í fjarnámi 77 og það hlutfall þá var 20,7%, sem er hlutfallslega mun meiri fjöldi en á haustönn 2018.
- Af 384 nemendum haustannar 2018 voru 40 (10,4%) nemendur grunnskóla, sem er hærra hlutfall en á haustönn 2017 því þá var þessi fjöldi 7,5% af heildarfjölda fjarnemenda.
- Af þessum 384 nemendum haustannar 2018 voru konur 226 (59,0%) og karlar 158 (41,0 %) og á haustönn 2017 voru samsvarandi gildi 61,2% og 38,7%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2018 var 22,1 ár, en á haustönn 2017 var þessi tala ívið lægri eða 21,3 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2018 voru nemendur fæddir 2000, en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla það haustið. Haustið 2017 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1998) fjölmennasti árgangurinn.
- Hver nemandi tók að meðaltali 4,73 (gamlar) einingar á haustönn 2018, en sambærileg tala fyrir haustönn 2017 var 5,32.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2018 á heimasíðu skólans¹.

Nemendur haustannar 2018 voru skráðir í 1815,4 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 1296,8 einingar en það voru 71,4% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 37,1 ársnemendur. Á haustönn 2017 skiluðu 72,2% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 40,8 ársnemendur. Hér er alls staðar verið að tala um gamlar einingar. Sjá töflu 4 í viðauka.

¹<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/haust-2018/> Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

Vorönn 2019

Á vorönn 2019 voru 103 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn. Áfangar á vorönn 2018 voru alls 124, eða 21 fleiri en á vorönn 2019.

Fjarkennarar á vorönn 2018 voru 47 og höfðu þeir allir fjarkennt áður.

Á vorönn 2019 voru 450 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2019 var 94 nemendum færri en á vorönn 2018, þetta er 17% fækkun á milli ára.
- Af 450 nemendum vorannar 2019 voru 131 (29,1%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 319 (70,9%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi er hærra en á vorönninni á undan en þá var það 27,8%.
- Af 450 nemendum vorannar 2019 voru 63 (14,0%) nemendur grunnskóla, en á vorönn 2018 voru sambærilegar tölur 42 (7,7%).
- Af 450 nemendum vorannar 2019 voru konur 260 (57,8%) og karlar 190 (42,2%) en á vorönn 2018 var hlutfall kvenna 53,5% og karla 46,5%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2019 var 20,9 ár, en þessi tala var hærri á vorönninni á undan (21,7 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2019 voru nemendur fæddir 2000, en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla þetta vorið. Vorið 2018 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1998) fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 4,44 (gamlar) einingar á vorönn 2019, en sambærileg tala fyrir vorönn 2018 var 5,07.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2019 á heimasíðu skólans ².

Nemendur vorannar 2019 voru skráðir í 1996,8 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 1544,8 einingar en það voru 77,4% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 44,1 ársnemendur. Á vorönn 2018 skiluðu 73,0% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 57,6 ársnemendur. Hér er alls staðar verið að tala um gamlar einingar Sjá töflu 4 í viðauka.

Sumarönn 2019

Á sumarönn 2019 voru 87 áfangar kenndir. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

²<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/vor-2019/>. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

Fjarkennarar á sumarönn voru 45, þar af einn sem ekki hafði fjarkennt áður.

Á sumarönn 2019 voru 431 nemendur skráðir í fjarnám, þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að:

- Á sumarönn 2018 voru 472 nemendur skráðir í fjarnám og er það 8,7% fækkun á milli ára.
- Af 431 nemanda sumarannar 2019 voru 86 (19,9%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 345 (80,1%) komu annars staðar frá. Á sumarönn 2018 voru 75 (15,9%) nemenda líka í dagskóla VÍ, og er það hlutfall mun lægra en á sumarönn 2019.
- Af þessum 431 nemanda voru konur 233 (54,1%) og karlar 198 (45,9%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2018 voru 58,1% konur og 41,9% karlar.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2019 var 20,7 ár, en það var nánast sami meðalaldur og á sumarönn 2018 (20,5 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2019 voru nemendur fæddir 2001, en þeir höfðu þá væntanlega lokið öðru ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2018 var árgangurinn 2000 fjölmennastur en þeir höfðu þá væntanlega einnig lokið öðru ári í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi 4,73 (gamlar) einingar á sumarönn 2019. Sambærileg tala fyrir sumarönn 2018 var 5,14 einingar.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2019 á heimasíðu skólans³.

Nemendur á sumarönn 2019 voru skráðir í 2040 einingar, til lokaprófs skiluðu sér 1575,8 einingar en það gera 77,2% af þeim einingum sem lagt var upp með. Gáfu þreyttar einingar á sumarönn 2019 alls 45,0 ársnemendur. Á sumarönn 2018 skiluðu 75,1% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 52,0 ársnemendur. Hér er alls staðar verið að tala um gamlar einingar Sjá töflu 4 í viðauka.


Þriggja ára nám til stúdentsprófs

Fyrstu nemendur í Verzlunarskóla Íslands hófu nám á þriggja ára brautum til stúdentsprófs haustið 2015. Stefnt var að því að áfangar í samræmi við þriggja ára brautir yrðu í boði í fjarnámi eigi síðar en næstu önn á eftir að þeir væru kenndir í fyrsta sinn í dagskóla. Þetta tókst þó ekki fyrr en á vorönn 2019, en þá voru allir áfangar Verzlunarskólans í boði í fjarnámi með nýjum nöfnum, að undan skildum nokkrum áföngum á Nýsköpunar- og listabraut sem nær ómögulegt er að fjarkenna. Af ýmsum ástæðum voru þó enn í kennslu áfangar með gömlum nöfnum, þar til á sumarönn 2019 en þá voru allir áfangar í boði í samræmi við hina nýju námskrá. Síðasti áfanginn með gömlu nafni sem var kenndur í fjarnámi var TÖL303.

³<https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/sumar-2019/>. Tölur eru eins á heimasíðu og í skýrslu, enda unnar í lok sumarannar.

Fjöldi fjarnemenda eftir önnum

Þegar fjöldi nemenda í fjarnámi Verzlunarskólans er skoðaður eftir önnum, má almennt segja að fjöldinn vaxi frá önn til annar, fram til ársins 2010 en þá var niðurskurðarhnífurinn settur á loft. Frá þeim tíma hefur fjöldi fjarnemenda verið á bilinu 350-750 á önn. Sumarönn 2015 sker sig út vegna nýnema í vélritun og/eða á undirbúningsnámskeiði í stærðfræði. Þetta kemur fram á mynd 1. Upplýsingar um fjölda nemenda á önn má sjá í töflu 4 í viðauka.



Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum.

Sumar- og vorannir eru alla jafnan fjölmennastar og haustannirnar fámennastar. Það helst í hendur við það að nemendur dagskóla Verzlunarskólans og annarra bekkjaskóla eru fjölmennastir á sumar- og vorönnum því þá eru þeir margir að taka upp falláfangna frá önninni á undan. Einnig má benda á það hér að nú eru allir framhaldsskólar landsins farnir að útskrifa nemendur af þriggja ára stúdnetsbrautum sem þýðir væntanlega að framhaldsskólanemendum á landinu hefur fækkað um allt að fjórðung.

Fjöldi umsækjenda eftir önnum


Tölur um fjölda umsækjenda á önn eru til frá haustönn 2010. Þá sóttu 773 nemendur um að komast í fjarnám VÍ, en vegna niðurskurðar voru einungis 311 nemendur teknir inn en það er einungis 40% af heildarfjölda umsækjenda. Þetta hlutfall er um 90% á næstu önnum á eftir. Hlutfall þeirra sem fá aðgang að fjarnáminu af heildarfjölda umsækjenda hefur farið

hækkandi og var 98% á haustönn 2018. Síðustu annir hefur þessi fjöldi verið ívið lægri. Það skal tekið fram að öllum nemendum sem sækja um fjarnámið er boðinn aðgangur. Þeir nemendur sem ekki fá aðgang að fjarnáminu, velja sjálfir að greiða ekki gjöldin og taka ekki þátt. Sjá töflu 1.

Önn	Umsækjendur	Nemendur	Nemendur/Umsækjendur	Umsækjendur sem ekki fá aðgang	Meðaltal ára
H-10	773	308	0,40	465	
V-11	818	721	0,88	97	0,9
S-11	808	728	0,90	80	
H-11	577	522	0,90	55	
V-12	714	627	0,88	87	0,9
S-12	643	572	0,89	71	
H-12	619	574	0,93	45	
V-13	689	641	0,93	48	0,92
S-13	773	698	0,90	75	
H-13	586	545	0,93	41	
V-14	737	694	0,94	43	0,92
S-14	685	604	0,88	81	
H-14	546	512	0,94	34	
V-15	627	608	0,97	19	0,95
S-15	993	940	0,95	53	
H-15	604	570	0,94	34	
V-16	626	574	0,92	52	0,92
S-16	518	472	0,91	46	
H-16	433	403	0,93	30	
V-17	465	446	0,96	19	0,96
S-17	497	475	0,96	22	
H-17	386	372	0,96	14	
V-18	565	544	0,96	21	0,96
S-18	508	472	0,93	36	
H-18	393	384	0,98	9	
V-19	462	450	0,97	12	0,96
S-19	465	438	0,94	27	

Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda.

Fjöldi umsækjenda eftir önnum frá haustönn 2010 er á bilinu 400-800. Sumarönn 2015 sker sig úr en þá skráðu tæplega 200 nýnemar VÍ sig í fjarnám í vélritun og/eða á undirbúningsnámskeið í stærðfræði. Þessi súla er því of há og ætti að vera undir 750 markinu. Sjá mynd 2.




Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum.

Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum

Meðaleiningafjöldi sem hver fjarnemandi tekur á önn hefur verið á bilinu frá 4 til 6 einingar frá og með vorönn 2006 og til og með sumarönn 2018. Flestar einingar að meðaltali á önn tóku nemendur á haustönn 2009 (6,2 einingar), en færstar á sumarönn 2015 (4,1). Þessi tala frá sumarönn 2015 er miðuð við þá tæplega 200 nemendur sem tóku vélritunaráfangann sem er aðeins ein eining. Ef þeir nemendur eru ekki taldir með, þá hækkar þessi tala í 4,9. Næst lágsta gildið er frá vorönn 2019, en þá tók hver nemandi að meðaltali 4,4 einingar á önn. Hér er alls staðar verið að tala um gamlar einingar Sjá mynd 3 og töflu 4 í viðauka.

Ef mynd 3 er skoðuð nánar, kemur í ljós að meðaleiningafjöldi nemenda á önn lækkaði á niðurskurðarárinu 2010, miðað við fyrri annir og hefur verið lægri síðan miðað við annir fyrir 2010.




Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum

Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum

Mæting í próf eftir önnum var um 60% frá og með vorönn 2006 og til og með vorönn 2010. Undantekning er sumarönn 2006, en þar var mæting í próf nálægt 78%. Hafa skal í huga þegar mæting í próf er skoðuð að á fyrstu önnum fjarnámsins fengu nemendur endurgreidd kennslugjöld fyrir það eitt að mæta í próf. Frá haustönn 2010 hefur mætingin í próf hins vegar verið yfir 70%, undantekning eru þó haustannir 2012, 2013, 2014 og 2015 og vorönn 2014. Mætingin í próf á sumarönn 2017 og vorönn 2019 var 77,4% og hefur hún ekki verið svona mikil síðan á sumarönn 2006. Mæting nemenda í próf hefur verið yfir 70% frá og með vorönn 2016.

Því má segja að niðurskurðurinn með fækkun nemenda á önn og fækkun meðalfjölda eininga hvers nemanda á önn hafi leitt til þess að nemendur mæti betur í próf. Þetta kemur fram á mynd 4. Tölur eru fengnar úr töflu 4 í viðauka.

Ef meðalmæting nemenda á öllum önnum er tekin saman, kemur í ljós að hún er rúmlega 68%. Markmiðið er að yfir 80% eininga skili sér til prófs á hverri önn.




Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum

Ársmemendur fjarnáms

Ársmemendur eru taldir út frá þeim einingum sem skila sér til prófs. Miðað er við að hver árnemandi taki 35 (gamlar) einingar á ári. Ársmemendur á önn voru á bilinu 60 til 70 á fyrstu önnum fjarnámsins. Árið 2008 fór árnemendafjöldinn á önn upp í 70 til 80, en hækkað ört á árinu 2009 og náði hámarki á sumarönn 2009 en þá fór árnemendafjöldinn á önn yfir 100. Eftir það fór árnemendafjöldinn lækkandi og náði hann lágmarki á haustönn 2010.


Ársmemenda fjöldinn hefur verið á bilinu frá 40-80 síðustu annir, ívið lægri á haustönnum en á sumar- og vorönnum. Ársmemenda fjöldinn á haustönn 2018 var 37,1 og er það lægsta tala sem komið hefur frá upphafi. Sjá mynd 5 og töflu 4 í viðauka.

Á þremur önnum árið 2006 gaf fjarnámið af sér 198,3 árnemendur. Árið 2007 fækkaði árnemendum niður í 191,9, en þá var hætt að endurgreiða kennslugjaldið til þeirra nemenda sem mættu í próf. Árið 2008 gaf fjarnámið af sér 235,9 árnemendur og árið eftir 285,3. Á niðurskurðarárinu 2010 fór fjöldi árnemenda niður í 223 og árið eftir var árnemendafjöldinn svipaður eða 221. Árið 2012 var fjöldi árnemenda tæplega 200 og svipaður árið 2013. Árið 2014 fór árnemenda fjöldinn niður í 185,1. Á árinu 2015 fór fjöldi árnemenda í 202,8 en hafa ber í huga þegar sú tala er metin að þarna munar um nokkra árnemendur sem nýnemar í vélritun skiluðu á sumarönn 2015.



Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir öðnum

Árið 2016 var fjöldi ársnemenda rétt rúmlega 150, en stefnt hafði verið að því að fjöldinn færi ekki upp fyrir 150 það árið. Ársnemendafjöldinn árið 2017 er rétt undir 150 og árið 2018 var hann ívið hærri en þó undir 150. Þetta kemur fram á mynd 6. Tölur eru fengnar úr töflu 4 í viðauka.




Mynd 6. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum

Það sem af er árinu 2019 er ársnemendafjöldinn um 90 og ljóst að fjöldi ársnemenda mun ekki ná 150 þetta árið.

Fjarnámspróf

Fjarnámspróf eru aðallega tekin í húsnæði Verzlunarskóla Íslands, en líka vítt og breytt um heimskringluna. Á hverri önn eru ævinlega um 25-30% prófa skráð annars staðar en í húsnæði Verzlunarskólans. Flest eru þau fjarnámspróf tekin í framhaldsskólum á landinu, en þar sem því verður ekki viðkomið þá eru þau haldin í grunnskólum í heimabyggð nemandans. Á einstaka stað sjá háskólasetur, þekkingarsetur eða fræðslunet um fjarnámsprófin. Erlendis taka nemendur próf í sendiráðum, hjá ræðismönnum, í skólum í heimabyggð nemandans eða hjá einhverjum öðrum aðila sem fjarnámsstjóri metur traustan. Sjá mynd 7 um dreifingu fjarnámsprófa á plánetunni Jörð




Mynd 7. Dreifing fjarnámsprófa um plánetuna Jörð.⁴

Ábyrgðarmenn fá skýrar leiðbeiningar um framkvæmd prófa, svo sem eins og hve langan tíma próf má taka og hvaða leyfileg hjálpargögn nemendur mega hafa við próftökuna. Einnig er lögð áhersla á að tryggja þurfi nemendum næði við próftökuna.

Einkunnir fyrir fjarnámspróf

Ef lokaekunnir fjarnemenda á önnunum þremur (haustönn 2018, vorönn 2019 og sumarönn 2019) sem þessi skýrsla fjallar um eru skoðaðar, kemur í ljós að meðaltal þeirra er 6,17. Miðgildið er 7 og tíðasta gildið er 7. Einkunnadreifingin kemur fram á mynd 7.

⁴ <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/prof-og-profstadir/>



Mynd 8. Einkunnadreifing fjarnemenda í % á H18, V19, S19

Þegar þessar annir eru aðskildar, kemur í ljós að á haustönn 2018 og vorönn 2019 er meðaltal einkunna yfir 6, en það er langt undir 6 á sumarönn 2019. Sama munstur kom fram skólaárið á undan. Staðnir áfangar eru hlutfallslega flestir á vorönn 2019, en mun færri á haustönn 2018 og sumarönn 2019. Þetta kemur fram í töflu 2.

Önn	Meðaltal	Miðgildi	Tíðasta gildi	% einkunnir ≥ 5	% einkunnir ≤ 4	% mæting í próf	% staðnir áfangar
H18	6,27	7	7	77,86	22,14	71,4	55,6
V19	6,46	7	7	82,87	17,13	77,4	64,1
S19	5,78	6	7	69,29	30,71	77,2	53,5
Meðaltal H18-S19	6,17	7	7	76,67	23,33	75,3	57,7

Tafla 2. Niðurstöður prófa á H18, V19 og S19

Samkvæmt þessu, þá eru 77,0% lokaekunna á öllum önnunum þremur sem hér um ræðir stærri eða jafnt og 5 og 23,0% undir 5. Þar sem 75,3% mæting var að meðaltali í próf þessar þrjár annir, þá lýkur 57,7% af öllum áföngum þessara þriggja anna með stöðnum einingum, en í 42,3% áfanga mæta nemendur annað hvort ekki í próf eða fá falleinkunnir fyrir áfangann.

Samskonar úttekt hefur verið gerð fimm sinnum áður, það er fyrir skólaárin 2013-2014, 2014-2015, 2015-2016, 2016-2017 og 2017-2018. Samanburður á þessum úttektum sýnir að hlutfall einkunna sem eru stærrí eða jafnt og fimm er á svipuðu róli þessi fimm tímabil, eða í kringum 75%. Hlutfall staðinna áfanga fer hins vegar hækkandi á milli þessara tímabila, frá 51,2% skólaárið 2013-2014 til 57,7% skólaárið 2018-2019. Skiptir þar mestu máli að meðalmæting nemenda í próf hækkar eftir því sem árin líða.

Til eru sambærilegar tölur frá árin 2006 og 2007 og þar kemur í ljós að rúm 10% nemenda fá einkunn 1. Þessi ár var nemendum endurgreitt fyrir að mæta í próf og margir nýttu sér það og skiluðu nánast auðu prófblaði og fengu einkunn 1. Á þessum sex önum 2006 og 2007 voru 67,6% prófa með einkunnir hærrí eða jafnt og 5, en 32,4% prófa með falleinkunnir (einkunnir 1 til 4). Meðalmæting í próf var 62,4% á árunum 2006 og 2007 sem merkir að 42,2% prófa lauk með stöðnum framhaldsskólaeiningum. Sjá töflu 3.

Þegar tölur í töflu 3 eru skoðaðar kemur í ljós að meðalmæting í próf hefur hækkað síðan á árunum 2006 og 2007 og áföngum sem lýkur með stöðnum einingum hefur fjölgað hlutfallslega.

Önn	Meðaltal	Miðgildi	Tíðasta gildi	% einkunnir ≥ 5	% einkunnir ≤ 4	% mæting í próf	% staðnir áfanga
Allar annir 06 og 07	-	-	5	67,6	32,4	62,4	42,2
H13, V14, S14	5,82	6	6	73,4	26,6	69,8	51,2
H14, V15, S15	5,99	6	7	74,9	25,1	69,8	52,3
H15, V16, S16	6,01	6	7	76,5	23,5	71,3	54,5
H16, V17, S17	5,88	6	6	74,6	25,4	73,8	55,1
H17, V18, S18	6,06	6	6	77	23	73,4	56,5
H18, V19, S19	6,17	7	7	76,67	23,33	75,3	57,7
Meðaltal H13-S19	5,92	6	6	74,86	25,14	71,19	53,29

Tafla 3. Niðurstöður prófa teknar saman

Þegar horft er yfir farinn veg kemur í ljós að fjarnámskerfið allt er skilvirkara en áður, samanburður á einkunnum frá árunum 2006 og 2007 annars vegar og skólaárunna 2013-2019 hins vegar leiðir það í ljós. Á fyrra tímabilinu lauk rúmlega 40% skráðra áfanga með stöðnum framhaldsskólaeiningum en á því síðari tæplega 60%. Skýringin á þessu er án efa sú að allt kerfið okkar vinnur betur nú en fyrr. Fjarkennarar eru orðnir öruggari í sínu starfi, kennslukerfið er orðið þjálla, tölvurnar eru orðnar betri og tölvukunnáttu nemenda hefur fleygt fram.

Fjarnámsgjöld

Í byrjun árs 2011 var ákveðið að hækka fjarnámsgjöldin umtalsvert og hafa kennslugjaldið 4500 krónur á einingu en það var áður 3000 kr á einingu. Ákveðið var þó að halda skráningargjaldinu áfram í 6000 krónum. Þessi verðskrá var í gildi út árið 2015. Í janúar 2016 var ákveðið að hækka kennslugjaldið í 6000 krónur og skráningargjaldið í 7200 krónur. Þessi verðskrá hefur verið í gildi síðan. Nemendur Verzlunarskólans borga ekki skráningargjald en allir aðrir nemendur gera það.

Lokaorð

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 14 ár. Á þessum tíma hafa kennarar skólans byggt upp metnaðarfulla áfanga í kennslukerfinu og staðið fyrir kröftugri fjarkennslu. Kerfisstjóri og kerfisfræðingur hafa séð til þess að tæki og tól virki eins og best verður á kosið, því ekki má gleyma að á bak við öflugan fjarnámsskóla er mikil tækniþekking.

Reykjavík 26. september 2019
Sigurlaug Kristmannsdóttir
fjarnámsstjóri VÍ

Viðauki

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Arenemendur í próf	% Mæting í próf
V06	744	5,23	3883	2471	70,6	63,5
S06	509	5,65	2877	2243	64,1	78,0
H06	665	5,47	3640	2227	63,6	61,2
Alls fjarnám 06	1918	5,43	8888	6941	8888	66,7
V07	630	5,36	3633	2140	61,1	57,3
S07	653	5,42	3572	2186	62,5	61,2
H07	754	6,05	4558	2390	68,3	52,4
Alls fjarnám 07	2103	5,62	8888	8888	191,3	56,56
V08	811	5,38	4846	2733	78,3	56,5
S08	714	5,65	4037	2720	77,7	67,4
H08	815	5,70	4648	2796	79,9	60,2
Alls fjarnám 08	8888	5,78	8888	8255	8888	61,01
V09	835	5,36	5331	3119	83,1	58,5
S09	373	5,87	5744	3516	100,5	61,2
H09	300	6,13	5567	3350	35,7	60,2
Alls fjarnám 09	2774	6,00	8888	9985	8888	8888
V10	323	6,02	5553	3422	37,8	61,6
S10	883	5,04	4473	3069	87,7	68,5
H10	308	5,75	1771	1313	37,5	74,1
Alls fjarnám 10	2120	5,57	8888	7804	8888	66,12
V11	721	5,44	3923	2815	80,4	71,8
S11	728	5,24	3816	2807	80,2	73,6
H11	522	5,70	2376	2123	60,8	71,5
Alls fjarnám 11	1971	5,44	8888	7751	8888	72,34
V12	627	5,52	3464	2532	74,1	74,8
S12	572	5,24	2937	2184	62,4	72,3
H12	574	5,35	3071	2126	60,7	63,2
Alls fjarnám 12	1773	5,38	9532	8888	8888	72,41
V13	641	5,33	3417	2336	68,5	70,1
S13	638	5,00	3433	2536	72,5	72,6
H13	545	5,25	2863	1956	55,3	68,3
Alls fjarnám 13	1884	5,20	9773	8888	8888	70,35
V14	634	5,30	3677	2432	71,2	67,8
S14	604	5,12	3032	2266	64,7	73,3
H14	512	5,23	2707	1713	43,1	63,5
Alls fjarnám 14	1810	5,24	9476	6477	185,1	68,35
V15	608	5,24	3187	2301	65,7	72,2
S15	340	4,03	3845	2840	81,1	73,3
H15	570	5,00	2851	1953	56,0	68,7
Alls fjarnám 15	2118	4,67	8888	7100	8888	71,84
V16	574	5,04	2834	2046	58,5	70,7
S16	472	4,83	2280	1701	48,6	74,6
H16	403	5,25	2118	1531	43,7	72,3
Alls fjarnám 16	1449	5,03	7232	5278	8888	72,33
V17	446	5,23	2361	1634	48,4	71,8
S17	475	5,12	2430	1880	53,7	77,4
H17	372	5,32	1980	1423	40,8	72,2
Alls fjarnám 17	1293	5,24	6771	5004	8888	73,30
V18	544	5,07	2753	2015	57,6	73,0
S18	472	5,14	2425	1821	52,0	75,1
H18	384	4,73	1815	1297	37,1	71,4
Alls fjarnám 18	1400	4,38	7000	5133	8888	73,18
V19	450	4,44	1337	1545	44,1	77,4
S19	431	4,73	2040	1576	45,0	77,2
H19						
Alls fjarnám 19	881	4,53	4037	3121	89,2	77,30

Tafla 4. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2019

Tölur um fjölda nemenda í fjarnámi á heimasíðu skólans og í þessari töflu, kunna að vera misjafnar. Skýringin er sú að efnið á heimasíðuna er unnið um miðja önn, en þessi tafla er unnin í lok annar og þá gætu einhverjir nemendur hafa bæst við. Tölur í töflunni teljast í öllum tilfellum vera réttari.